Til Alþýðuflokksins
Frá Guðrúnu Jónsdóttur Kvennalista.

Reykjavík 22.5.1997

**Samstarfshópur stjórnarandstöðuflokkanna um jafnréttis- og kvenfrelsismál**

Ég vísa til bréfs frá 14. mars þar sem við óskum eftir viðræðuhópi stjórnarandstöðuflokkanna til að ræða kvennapólitíska nálgun í stjórnmálum. Allir flokkarnir hafa lýst áhuga á slíku hópstarfi. Eftirfarandi fulltrúar eru tilnefndir:

| | |
|---|---|
| Frá Alþýðubandalagi: | Heiðrún Sverrisdóttir og Jóhann Geirdal |
| frá Alþýðuflokki: | Ásta B. Þorsteinsdóttir og Magnús M. Norðdal |
| frá Þjóðvaka: | tveir fulltrúar |
| frá Kvennalistanum: | Guðrún Jónsdóttir og Brynhildur Flóvenz. |

Við stingum uppá að hópurinn hittist fyrir sumarið og viðri hugmyndir sínar um hvort og þá hvernig við gætum aukið samvinnu um þennan málaflokk. Við boðum því til fundar miðvikud. 4.júní kl. 12 í þingflokksherbergi Kvennalistans að Austurstræti 14, 2. hæð.

Bestu kveðjur
F. hönd Kvennalistans

Guðrún Jónsdóttir
framkv.stýra þingflokksins

Ps. er að fara í burtu til 4. júní. Ef tíminn passar ekki vinsamlegast hringið til Brynhildar Flóvenz í síma 5543826.